

POL- Jafnlaunastefna

Tilgangur og markmið

Tilgangur þessarar stefnu er að lýsa með hvaða hætti SaltPay tryggir jafna stöðu kvenna og karla sem starfa hjá félaginu. Markmiðið er að SaltPay sé eftirsóknaverður vinnustaður þar sem jafnréttis er gætt og jafnræði ríkir. Einnig að konur og karlar sem starfa hjá félaginu fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun eru ávallt ákvörðuð og rýnd á sama hátt óháð kyni og í samræmi við lög og reglur sem gilda þar um.

Umfang

Stefna þessi nær til allra starfsmanna SaltPay á Íslandi.

Stefna

Stefna SaltPay er að gæta jafnréttis og tryggja jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf óháð kyni og tryggja jöfn tækifæri kvenna og karla. Markmið SaltPay er að bjóða upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi og skapa tækifæri fyrir starfsmenn til að þróast og eflast í starfi. SaltPay fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma.

- SaltPay greiðir sanngjörn og samkeppnishæf laun í samræmi við kröfur til starfa og tryggir konum og körlum sömu kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
- SaltPay tryggir að allir starfsmenn eigi jafna möguleika, óháð kyni, og njóti sömu tækifæra til starfsþjálfunar og fræðslu.
- SaltPay tryggir að allir starfsmenn hafi sömu möguleika á starfsþjálfun og til sí- og endurmenntunar.
- SaltPay leitast við að gera konum jafnt sem körlum kleift að samræma þarfir fjölskyldu og starfsskyldu.
- SaltPay leggur áhersla á því að jafna hlut kvenna í stjórnunar- og áhrifastöðum innan félagsins.

Leiðir

- SaltPay hefur skilgreint verklag við launaákvæðanir sem tryggir heildaryfirsýn launa, stöðugar umbætur á jafnlaunakerfinu með greiningum og úttektum og rýni stjórnenda til þess að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.
- Mannauðsstjóri fer yfir laun starfsmanna árlega til að tryggja að samræmis sé gætt.
- SaltPay er vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn af verðleikum eftir hæfni og frammistöðu. Þannig tryggir félagið að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni.
- SaltPay skuldbindur sig til að fá reglulega óháðan aðila til að mæla árangur af stefnu þessari samkvæmt IST85 staðlinum. Ef í ljós kemur óútskýrður, kynbundinn launamunur er það skráð sem frávik og gripið er til aðgerða til að tryggja stöðugar umbætur.
- Árlega er framkvæmd greining á endurmenntun starfsmanna og ef í ljós kemur mismunur milla kynja er ráðist í aðgerðir.
- Stjórnendur SaltPay eru meðvitaðir um nauðsyn þess að samræma þarfir starfsskyldu og ábyrgð gangvart fjölskyldu, m.a. með því að bjóða sveigjanlegan vinnutíma og taka tillit til starfsmanna ef upp koma tímabundnar auknar skyldur vegna fjölskylduaðstæðna.
- Árlega er framkvæmd viðhorfskönnun meðal stafsmanna og ef niðurstöður sýna óánægju með ákveðna þætti í starfsumhverfinu er brugðist við því með aðgerðum.
- Árlega er framkvæmd sérstök tölfræðigreining þar sem kynjahlutföll eru skoðuð til að tryggja eftirfylgni við jafnréttisáætlun.

POL- Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna þessi er aðgengileg starfsmönnum, hagsmunaðilum og almenningi á heimasíðu félagsins.

Yfirfarið og samþykkt af stjórnendum SaltPay 17.02.2021